

Fundargerð stjórnar BÍS 01/2011.

Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123, miðvikudaginn 19. janúar 2011 kl. 17:30

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Margrét Vala Gylfadóttir, formaður fræðslaráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskráráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Forföll:

Hallfríður Helgadóttir, aðstoðarskátahöfðingi.

1. Setning: BB bauð fundarmenn velkomna til þessa fyrsta fundar stjórnar á nýju ári.
2. Fundargerð síðasta fundar: Samþykkt.
3. Starfsyfirlit skrifstofu, alþjóðaráðs, upplýsingaráðs, landsmótsstjórnar og fundargerðir fararstjórnar Jamboree, afmælisársnefndar og Úlfjótswatnsráðs: Lágu fyrir. Rætt var um merki LM2012 og það samþykkt með fyrirvara um að gerð verði útfærsla þar sem nafn mótsins kemur fram.
4. Trúnaðarmál: Fært í trúnaðarbók.
5. Heimsping 2011: Ferð okkar fulltrúa gekk vel ef frá er talið að gögn þau sem send voru með pósti voru flest stöðvuð í pósti. Nánari umfjöllun verður á næsta fundi.
6. World Scout Moot 2017: Heimsping WOSM samþykkti með um 90% atkvæða að fela BÍS að halda mótið.
7. Roverway 2012: Mótið verður haldið í Finnlandi á sama tíma og Landsmót skáta 2012. Samþykkt að alþjóðaráð auglýsi eftir fararstjóra.
8. Úlfjótswatn: Komin er fram tillaga um að samþykktum einkahlutafélags sem taki yfir eignir og rekstur á Úlfjótswatni. Stjórnir BÍS og SSR munu fjalla um þær á næstunni.
9. Félagsforingjafundur: Fyrsti fundurinn var sunnudaginn 16. janúar í Valhöll v/ Akureyri. Þátttakendur frá Bjarma og Eilífsbúum forfölluðust á síðustu stundu þannig að eingöngu var fundað með Klakki. Fundurinn gekk vel. Fulltrúar BÍS voru Benjamín Axel Árnason, Júlíus Aðalsteinsson og Nanna Guðmundsdóttir.
10. Önnur mál:
 - a. Slys: Á viðburðinum „Milli rjúpna og raketta“ brenndist einn þátttakenda.
 - b. Skátaping 2011: uppstillingarnefnd hefur fundað og mun halda sinni vinnu áfram.
 - c. Æskulýðsvettvangurinn: Stjórn ÆV fundaði í dag og ræddi m.a. undirbúning að stofnun fagráðs um meðferð brota gegn börnum. Á fundinn kom Erlendur Kristjánsson, deildarstjóri í mennta- og menningarmálaráðuneytinu og ræddi um samstarfsverkefni ráðuneytinsins og ÆV, Kompás og Verndum þau.
 - d. Lagamál: JA segir frá því að félagsforingjafundum að á næstu dögum verði tillögur laganefndar sendar út.
 - e. Andlát Páls Gíslasonar: Páll Gíslason, fv. skátahöfðingi lést á nýjársgdag 86 ár að aldri. Útför hans var gerð frá Hallgrímskirkju að viðstöddu miklu fjölmenni. Prestur flutti kveðju frá BB og skátar stóðu heiðursvörð við kirkju fyrir og eftir athöfn og aðstoðuðu við dreifingu messuskrár.
 - f. Andlát Guðrúnar Ö. Stephensen: Guðrún Ö. Stephensen, ekkja Jónasar B. Jónssonar, fv. skátahöfðingja lést 11. janúar og var jarðsungen í dag.
 - g. Skátastarf á Kirkjubæjarklaustri: Ingibjörg Eiríksdóttir, Íbí, er að hefja skátastarf á Kirkjubæjarklaustri.
 - h. Samherjar Patreksfirði: Félagið hefur verið endurreist og lítur vel út.

Umræðuefni: Fjárhagsáætlun 2011.

Fleira ekki rætt

Fundi slitið 19:10 og hófst þá undurbúningur Uppskeruhátíðar BÍS sem haldin var í sal Skátamiðstöðvarinnar.

Fundargerð ritaði JA.